

# STRÆTÓ

**Árshlutareikningur  
30. júní 2025**



Strætó bs.  
kt. 500501-3160  
Hestháis 14  
110 Reykjavík

# STRÆTÓ

## Árshlutareikningur 30. júní 2025

### Efnisyfirlit

|                                                     | Bls. |
|-----------------------------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra..... | 2-3  |
| Rekstrarreikningur.....                             | 4    |
| Efnahagsreikningur.....                             | 5-6  |
| Sjóðstreymisyfirlit.....                            | 7    |
| Skýringar.....                                      | 8-12 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Óendurskoðaður árshlutareikningur Strætó fyrir tímabilið janúar til júní 2025 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

## Tilgangur Strætó

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningssvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

## Eigendur og stjórn

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu:

|                       |        |
|-----------------------|--------|
| Reykjavíkurborg.....  | 60,30% |
| Kópavogsbær.....      | 14,60% |
| Hafnarfjarðarbær..... | 12,50% |
| Garðabær.....         | 6,24%  |
| Mosfellsbær.....      | 4,07%  |
| Seltjarnarnesbær..... | 2,29%  |

## Rekstur tímabilsins janúar til júní 2025

Rekstur Strætó bs. á fyrri hluta árs 2025 einkennist af stöðugleika í kostnaðarliðum en breytingum í tekjuþróun, bæði miðað við sama tímabil árið áður og við áætlun. EBITDA nam 437 m.kr. sem er sambærilegt við sama tímabil árið áður (378 m.kr.), en umtalsvert yfir áætlun (235 m.kr.). Helstu ástæður eru að fyrirhuguð þjónustuaukning um áramót var frestað, sem hafði áhrif bæði á kostnað og tekjur.

Heildartekjur nema 6.484 m.kr., sem er hækkun um 11% frá fyrra ári (5.836 m.kr.), en þó undir áætlun sem gerði ráð fyrir 7.220 m.kr. Fargjöld hækka um 4% frá fyrra ári, úr 1.046 m.kr. í 1.091 m.kr., og voru 11% undir áætlun. Þróunin endurspeglar áframhaldandi áskoranir í farþegafjölda og nýtingu almenningssamgangna.

Ríkisframlag rúmlega tvöfaldaðist milli tímabila, úr 453 m.kr. í 1.062 m.kr., sem er jákvæð þróun. Framlagið er þó verulega undir áætlun (1.572 m.kr.), eða um 68% af því sem gert var ráð fyrir. Þetta skýrist að mestu af því að áætluð aukning á þjónustu, sem átti að hefjast um áramót, var frestað til haustsins. Þá er stefnt að því að auka tíðni ferða á lykilleiðum, til að bæta þjónustu og stytta biðtíma fyrir farþega.

Framlag eigenda lækkaði milli tímabila, úr 3.187 m.kr. í 3.037 m.kr. Lækkunin skýrist af því að hluti framlagsins, sem samkvæmt áætlun hefði runnið til Strætó, verður nýttur til stofnfjár hins nýja félags.

Heildarrekstrargjöld nema 6.047 m.kr., sem er hækkun um 11% frá sama tímabili í fyrra, en 13% undir áætlun. Launakostnaður helst stöðugur með óverulegri hækkun, úr 1.678 m.kr. í 1.751 m.kr. Kostnaður við rekstur vagna og aðkeyptur akstur hækkar um 13%, sem endurspeglar aukinn rekstrarkostnað. Kostnaðurinn var þó lægri en áætlun gerði ráð fyrir, þar sem þjónustuaukning var frestað og umfang aksturs jókst ekki að því marki sem áætlað var. Gert er þó ráð fyrir frekari kostnaðarhækkunum á næstu fjórðungum þegar áhrif nýs akstursútboðs, sem tók gildi í ágúst 2024, koma að fullu fram.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Fjárhagsstaða

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2025 nema 3.330 m.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum nema 3.240 m.kr. Eigið fé er jákvætt um 90 m.kr. Handbært fé nam 551 m.kr. og jókst um 184 m.kr. frá áramótum, sem styrkir lausafjárstöðu félagsins.

Á sama tíma hefur ekki verið ráðist í nauðsynlega endurnýjun á vögnum og innviðum vegna yfirvofandi breytinga á skipulagi félagsins. Aldur vagnanna er orðinn verulega hár, sem leiðir til aukins rekstrarkostnaðar og eykur áhættu tengda öryggi og þjónustu.

## Framtíðarhorfur

Í samræmi við uppfærðan Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, sem undirritaður var í ágúst 2024, verður stofnað nýtt félag með aðkomu ríkisins og sveitarfélaganna sem nú eiga Strætó bs. Tilgangur nýs félags er að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn nær bæði til leiðakerfis hefðbundinna strætisvagnaleiða og Borgarlínu.

Miðað við núverandi tímalínu er stefnt að því að skipting verkefna milli Strætó bs. og nýja félagsins fari fram 1. desember 2025 eða um áramót 2025/2026. Önnur verkefni verða áfram á ábyrgð Strætó bs.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Það er álit stjórnar Strætó að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samlagsins, komi fram í ársreikning.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir tímabilið janúar til júní 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 15.ágúst 2025

Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu

### Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

### Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30.júní 2025

|                                                   |       | Rauntölur     |               | Áætlun        |
|---------------------------------------------------|-------|---------------|---------------|---------------|
|                                                   | Skýr. | 1.1-30.6 2025 | 1.1-30.6 2024 | 1.1-30.6.2025 |
| Rekstrartekjur                                    |       |               |               |               |
| Fargjöld .....                                    |       | 1.090.589     | 1.045.754     | 1.231.907     |
| Rekstrarframlög eignaraðila .....                 | 16    | 3.036.892     | 3.187.314     | 3.193.220     |
| Ríkisframlag .....                                |       | 1.062.328     | 453.000       | 1.572.780     |
| Pant akstursþjónusta.....                         | 17    | 1.021.625     | 902.133       | 1.002.721     |
| Aðrar tekjur .....                                | 18    | 272.796       | 248.019       | 219.669       |
| Rekstrartekjur samtals                            |       | 6.484.229     | 5.836.219     | 7.220.297     |
| Rekstrargjöld                                     |       |               |               |               |
| Laun og launatengd gjöld.....                     | 19    | 1.751.439     | 1.677.891     | 1.911.609     |
| Rekstur vagna og aðkeyptur akstur .....           | 20    | 2.827.149     | 2.512.212     | 3.682.749     |
| Pant akstursþjónusta.....                         | 17    | 1.021.625     | 902.133       | 1.002.721     |
| Annar rekstrarkostnaður .....                     | 21    | 446.833       | 366.438       | 388.280       |
| Rekstrargjöld samtals                             |       | 6.047.045     | 5.458.675     | 6.985.358     |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA)..... |       | 437.184       | 377.544       | 234.939       |
| Afskriftir .....                                  | 22    | ( 126.045)    | ( 114.003)    | ( 114.003)    |
| Rekstrarniðurstaða (EBIT).....                    |       | 311.139       | 263.541       | 120.936       |
| Vaxtatekjur.....                                  |       | 450           | 365           |               |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....        |       | ( 61.004)     | ( 75.556)     | ( 77.500)     |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals          |       | ( 60.554)     | ( 75.191)     | ( 77.500)     |
| Rekstrarniðurstaða                                |       | 250.585       | 188.350       | 43.437        |

# Efnahagsreikningur 30.júní 2025

| Eignir                               | Skýr. | 30.06 2025       | 31.12 2024       |
|--------------------------------------|-------|------------------|------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                |       |                  |                  |
| Varanlegir fastafjármunir:           | 22    |                  |                  |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki ..... |       | 1.185.389        | 1.266.263        |
| Innréttingar, áhöld og tæki.....     |       | 131.771          | 137.184          |
| Hugbúnaður.....                      |       | 218.760          | 237.513          |
|                                      |       | <u>1.535.919</u> | <u>1.640.960</u> |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur:   |       |                  |                  |
| Fyrirframgreiddur kostnaður .....    | 10    | 544.475          | 558.416          |
|                                      |       | <u>544.475</u>   | <u>558.416</u>   |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>        |       | <u>2.080.394</u> | <u>2.199.377</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                |       |                  |                  |
| Birgðir .....                        | 23    | 105.653          | 101.727          |
| Skammtímakröfur:                     | 11    |                  |                  |
| Viðskiptakröfur .....                | 24    | 51.253           | 62.583           |
| Kröfur á tengda aðila.....           |       | 401.138          | 243.410          |
| Fyrirframgreiddur kostnaður .....    |       | 124.763          | 27.883           |
| Aðrar skammtímakröfur .....          |       | 15.546           | 49.677           |
| Handbært fé.....                     |       | 551.200          | 367.430          |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>        |       | <u>1.249.554</u> | <u>852.711</u>   |
| <b>Eignir samtals</b>                |       | <u>3.329.948</u> | <u>3.052.087</u> |

# Efnahagsreikningur 30.júní 2025

|                                           | Skýr. | 30.06 2025              | 31.12 2024              |
|-------------------------------------------|-------|-------------------------|-------------------------|
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                |       |                         |                         |
| <b>Eigið fé</b>                           |       |                         |                         |
| Framlag eigenda .....                     |       | 900.018                 | 900.012                 |
| Ójafnað tap.....                          |       | ( 810.260)              | ( 1.060.839)            |
| <b>Eigið fé samtals</b>                   | 25    | <u>89.758</u>           | <u>( 160.828)</u>       |
| <b>Skuldbindingar</b>                     |       |                         |                         |
| Lífeyrisskuldbinding.....                 | 26    | <u>262.252</u>          | <u>244.375</u>          |
| <b>Skuldbindingar samtals</b>             |       | <u>262.252</u>          | <u>244.375</u>          |
| <b>Langtímaskuldir</b>                    |       |                         |                         |
| Langtímaskuldir .....                     |       | 1.524.945               | 1.563.340               |
| <b>Langtímaskuldir samtals</b>            | 27    | <u>1.524.945</u>        | <u>1.563.340</u>        |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                   |       |                         |                         |
| Viðskiptaskuldir.....                     |       | 822.283                 | 696.346                 |
| Næsta árs afborganir langtímalána.....    | 27    | 125.260                 | 121.251                 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindinga..... | 26    | 0                       | 20.553                  |
| Fyrirfram innheimtar tekjur .....         |       | 19.087                  | 16.837                  |
| Aðrar skammtímaskuldir .....              |       | 486.364                 | 550.212                 |
| <b>Skammtímaskuldir samtals</b>           |       | <u>1.452.993</u>        | <u>1.405.199</u>        |
| <b>Skuldir samtals</b>                    |       | <u>3.240.190</u>        | <u>3.212.914</u>        |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>        |       | <u><u>3.329.948</u></u> | <u><u>3.052.087</u></u> |

# Sjóðstreymisýfirlit 1.janúar til 30.júní 2025

|                                                                |    | Skýr. 1.1.-30.6 2025 | 1.1.-30.6 2024    |
|----------------------------------------------------------------|----|----------------------|-------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                                      |    |                      |                   |
| Rekstrarniðurstaða .....                                       |    | 250.585              | 188.350           |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:                       |    |                      |                   |
| Afskriftir.....                                                | 22 | 126.045              | 114.003           |
| Verðbætur og gengismunur.....                                  |    | 28.958               | 40.039            |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga.....                            | 26 | ( 2.676)             | ( 2.551)          |
| <b>Veltufé frá (til) reksturs</b>                              |    | <b>402.912</b>       | <b>339.841</b>    |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:                    |    |                      |                   |
| Birgðir, (hækkun) lækkun.....                                  |    | ( 3.926)             | ( 7.085)          |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....                         |    | ( 209.148)           | 34.040            |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....                         |    | 64.338               | ( 355.999)        |
| Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting..... |    | 13.941               | 13.941            |
| <b>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</b>               |    | <b>-134.794</b>      | <b>( 315.102)</b> |
| <b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>                           |    | <b>268.118</b>       | <b>24.738</b>     |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                                 |    |                      |                   |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....               | 22 | ( 21.004)            | ( 21.404)         |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                                 |    | <b>( 21.004)</b>     | <b>( 21.404)</b>  |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                                  |    |                      |                   |
| Afborganir langtímalána.....                                   | 27 | ( 63.344)            | ( 52.687)         |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                                  |    | <b>( 63.344)</b>     | <b>( 52.687)</b>  |
| <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>                           |    | <b>183.770</b>       | <b>( 49.353)</b>  |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>                           |    | <b>367.430</b>       | <b>370.350</b>    |
| <b>Handbært fé í lok tímabils.....</b>                         | 12 | <b>551.200</b>       | <b>320.997</b>    |

# Skýringar með ársreikningi

## 1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Lögheimili samlagsins er að Hesthálsi 14, 110 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Árshlutareikningurinn er byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Reikningsskilaaðferðir

## 3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

Hagnaður eða tap á sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikningi á meðal rekstrartekna eða - gjalda, eftir því sem við á.

## 4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 6. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

# Skýringar með ársreikningi

## 7. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði.

|                                      |          |
|--------------------------------------|----------|
| Strætisvagnar og önnur ökutæki ..... | 10-13 ár |
| Áhöld og tæki .....                  | 3-10 ár  |
| Hugbúnaður .....                     | 5-7 ár   |

## 8. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

## 9. Niðurfærsla krafna

Viðskiptakröfur eru metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna er færð í rekstrarreikning.

## 10. Fyrirframgeiddur kostnaður

Fyrirframgeiddur kostnaður vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1.júlí 2017 að telja.

## 11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

## 12. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

## 13. Skuldbinding

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Strætó er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi samkvæmt útreikningi Brú lífeyrissjóðs, þá í samræmi við samþykktir sjóðsins. Breyting á skuldbindingu er færð í rekstrarreikning. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eru færðar meðal skammtímaskulda. Sjá nánar í skýringu nr. 26.

## 14. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok árs eins og lánað segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

## 15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

# Skýringar með ársreikningi

## 16. Rekstrarframlög eignaraðila

|                        | 1.1-30.6 2025    | 1.1-30.6 2024    |
|------------------------|------------------|------------------|
| Reykjavíkurborg .....  | 1.889.903        | 2.002.128        |
| Kópavogsbær .....      | 418.021          | 433.856          |
| Hafnarfjarðarbær ..... | 291.453          | 302.039          |
| Garðabær .....         | 221.504          | 225.807          |
| Mosfellsbær .....      | 160.654          | 165.899          |
| Seltjarnarnesbær ..... | 55.357           | 57.586           |
|                        | <u>3.036.892</u> | <u>3.187.314</u> |

## 17. Pant akstursþjónusta

|                             | 1.1-30.6 2025    | 1.1-30.6 2024  |
|-----------------------------|------------------|----------------|
| Tekjur                      |                  |                |
| Framlag sveitarfélaga ..... | 979.723          | 824.027        |
| Fargjöld notenda .....      | 41.902           | 78.106         |
|                             | <u>1.021.625</u> | <u>902.133</u> |
| Gjöld                       |                  |                |
| Aðkeyptur akstur .....      | 1.021.625        | 902.133        |
|                             | <u>1.021.625</u> | <u>902.133</u> |

Pant akstursþjónusta er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða. Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur beinn kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

## 18. Aðrar tekjur

|                                     | 1.1-30.6 2025  | 1.1-30.6 2024  |
|-------------------------------------|----------------|----------------|
| Þóknun - Pant akstursþjónusta ..... | 115.767        | 107.220        |
| Þóknun - landsbyggðin .....         | 55.200         | 55.200         |
| Aðrar tekjur .....                  | 101.829        | 85.598         |
|                                     | <u>272.796</u> | <u>248.019</u> |

## 19. Laun og launatengd gjöld

|                        | 1.1-30.6 2025    | 1.1-30.6 2024    |
|------------------------|------------------|------------------|
| Laun .....             | 1.403.198        | 1.352.358        |
| Launatengd gjöld ..... | 348.241          | 325.533          |
|                        | <u>1.751.439</u> | <u>1.677.891</u> |

## 20. Rekstur vagna og aðkeyptur akstur

|                                     | 1.1-30.6 2025    | 1.1-30.6 2024    |
|-------------------------------------|------------------|------------------|
| Aðkeyptur akstur .....              | 2.402.136        | 2.058.099        |
| Viðhalds og viðgerðakostnaður ..... | 127.371          | 124.737          |
| Orkugjafir .....                    | 179.946          | 225.133          |
| Annar rekstrarkostnaður vagna ..... | 117.696          | 104.244          |
|                                     | <u>2.827.149</u> | <u>2.512.212</u> |

## 21. Annar rekstrarkostnaður

|                                       | 1.1-30.6 2025  | 1.1-30.6 2024  |
|---------------------------------------|----------------|----------------|
| Skrifstofu- stjórnunarkostnaður ..... | 187.060        | 148.580        |
| Sölu og kynningarkostnaður .....      | 39.713         | 31.617         |
| Rekstur tölvubúnaðar .....            | 120.886        | 101.670        |
| Húsnæðiskostnaður .....               | 99.174         | 84.571         |
|                                       | <u>446.833</u> | <u>366.438</u> |

# Skýringar með ársreikningi

## 22. Varanlegir rekstrarfjármunir

|                              | Strætisvagnar og<br>önnur ökutæki | Innréttingar,<br>áhöld og tæki | Hugbúnaður | Samtals      |
|------------------------------|-----------------------------------|--------------------------------|------------|--------------|
| Heildarverð 1.1.2025 .....   | 4.107.915                         | 545.530                        | 507.998    | 5.161.443    |
| Afskrifað áður .....         | ( 2.841.652)                      | ( 408.346)                     | ( 270.485) | ( 3.520.483) |
| Bókfært verð 1.1 2025 .....  | 1.266.263                         | 137.184                        | 237.513    | 1.640.960    |
| Viðbót .....                 | 0                                 | 11.360                         | 9.645      | 21.004       |
| Afskrift .....               | ( 80.874)                         | ( 16.773)                      | ( 28.398)  | ( 126.045)   |
| Bókfært verð 30.6 2025 ..... | 1.185.389                         | 131.771                        | 218.760    | 1.535.919    |
| Afskriftahlutföll .....      | 8-13%                             | 10-33%                         | 14-20%     |              |

## 23. Birgðir

|                     | 30.6 2025 | 31.12 2024 |
|---------------------|-----------|------------|
| Olía .....          | 4.724     | 6.554      |
| Varahlutir .....    | 97.864    | 95.173     |
| Aðrar birgðir ..... | 3.066     | 0          |
|                     | 105.653   | 101.727    |

## 24. Viðskiptakröfur

|                                              | 30.6 2025 | 31.12 2024 |
|----------------------------------------------|-----------|------------|
| Viðskiptakröfur .....                        | 29.718    | 30.657     |
| Viðskiptakröfur - Pant akstursþjónusta ..... | 21.535    | 31.925     |
|                                              | 51.253    | 62.583     |

## 25. Eigið fé

| Yfirlit um eiginfjárreikninga:  | Eiginfjárframlag<br>rekstraraðila | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals      |
|---------------------------------|-----------------------------------|------------------------|--------------|
| Eigið fé 1.1 2025 .....         |                                   | ( 1.060.839)           | ( 1.060.839) |
| Rekstrarniðurstaða ársins ..... |                                   | 250.585                | 250.585      |
| Stofnframlag .....              | 900.018                           |                        | 900.018      |
| Staða 30.6 2025 .....           | 900.018                           | ( 810.254)             | 89.758       |

## 26. Lífeyrisskuldbinding vegna Brúar lífeyrissjóðar

Áætluð áfallin lífeyrisskuldbinding er tilkomin vegna breytinga á samþykktum A og V deildar Brúar lífeyrissjóðs 2023 og nam 262 m.kr. 30.6 2025. Mánaðarleg innheimta hófst í janúar 2024 og verður til næstu áratuga eða þangað til þessi hópur hættir á lífeyri.

|                                                     | 30.6 2025      |
|-----------------------------------------------------|----------------|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs. ....            | 264.929        |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu á tímabilinu ..... | ( 2.676)       |
| <b>Lífeyrisskuldbinding í lok tímils</b> .....      | <b>262.252</b> |
| Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....        |                |
| Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....         | 262.252        |
|                                                     | 262.252        |

# Skýringar með ársreikningi

## 27. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

|                                  | Verðtryggt    | Óverðtryggt | Samtals    |
|----------------------------------|---------------|-------------|------------|
| Staða 1.1 2025 .....             | 1.141.242     | 543.349     | 1.684.591  |
| Afborgun ársins .....            | ( 26.369.125) | ( 36.975)   | ( 63.344)  |
| Verðbætur og afföll ársins ..... | 28.958        | 0           | 28.958     |
|                                  | 1.143.831     | 506.374     | 1.650.205  |
| Næsta árs afbrogun .....         | ( 54.344)     | ( 70.916)   | ( 125.260) |
|                                  | 1.089.487     | 435.458     | 1.524.945  |

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

|                                    |                  |
|------------------------------------|------------------|
| Tímabilið 1.7 2025-30.6 2026 ..... | 125.260          |
| Tímabilið 1.7 2026-30.6 2027 ..... | 90.437           |
| Tímabilið 1.7 2027-30.6 2028 ..... | 155.631          |
| Tímabilið 1.7 2028-30.6 2029 ..... | 256.300          |
| Tímabilið 1.7 2029-30.6 2030 ..... | 156.812          |
| Síðar .....                        | 865.765          |
|                                    | <u>1.650.205</u> |

## 28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að a.m.k. tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

## 29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila, ófjáráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.